

Framtíðarreikningur – skilmálar

Stofnun reiknings

Reikningurinn er stofnaður í [útibú Íslandsbanka](#) eða [netbanka Íslandsbanka](#).

Inn- og útborganir

Allar innborganir ásamt vöxtum og verðbótum eru bundnar til 18 ára aldurs reikningseiganda. Hægt er að hefja sparnað á Framtíðarreikningi hvenær sem er fyrir 15 ára afmæli barnsins. Eftir þann tíma lokast reikningurinn fyrir innborganir, aðrar en þær sem gerðar eru með reglulegum millifærslum af reikningi hjá Íslandsbanka.

Þegar innistæðan verður laus til útborgunar má einungis reikningseigandi eða þeir sem hafa til þess gilt umboð taka út af reikningnum. Að binditíma loknum er reikningurinn laus til útborgunar í einn mánuð og að því tímabili loknu binst reikningurinn á ný og verður uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara. Reikningurinn verður eyðilagður við fyrstu úttekt eftir að reikningseigandi hefur náð 18 ár aldri.

Útborgun getur farið fram á hvaða afgreiðslustað bankans sem er, sé öðrum skilyrðum til úttektar fullnægt og fullgildum persónuskilríkjum framvísað eða vottuðu umboði reikningseiganda til úttektar. Umboðshafi skal sanna á sér deil með sama hætti og reikningseigandi og afhenda afrit umboðs til varðveislu í útibúi.

Vaxtatímabil

Vaxtatímabilið er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Vextir eru færðir á höfuðstól við lok hvers árs.

Útreikningur verðbóta

Um mánaðarmót reiknast verðbætur samkvæmt vísitölu neysliverðs á lægstu innistæðu reikningsins í síðasta almanaksmánuði og leggjast þær mánaðarlega við höfuðstól. Á innborganir hvers mánaðar reiknast verðbætur miðað við daglega vísitölu innan mánaðar og leggjast þær við höfuðstól við næstu mánaðarmót.

Þóknanir

Bankinn innheimtir engin þjónustugjöld, innlausnargjöld eða þóknanir.

Kjör og skilmálar

Reikningurinn er verðtryggður innlánsreikningur sem tekur mið af breytingum á vísitölu neysliverðs. Á innistæðu reiknast breytilegir vextir. Skilmálar þessir og kjör reikningsins að öðru leyti eru háð ákvörðun bankans og almennum reglum Seðlabanka Íslands um verðtryggingu innlána hverju sinni. Upplýsingar um kjör reikningsins er að finna í [vaxtatöflu bankans](#).